

248. fundur Skóla- og frístundaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, fimmtudaginn 24. október 2024 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri og Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028

Umfjöllun um fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 með áherslu á þá málaflokka sem heyra undir skóla- og frístundaráð.

Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri fylgir málinu eftir.

Skóla- frístundaráð þakkar Kristjönu fyrir gagnlegar upplýsingar um stöðu fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2025.

Kristjana vikur af fundi.

2. 2312220 - Tómtundaframlag - vinnumhópur um endurskoðun

Tillögur að fyrirkomulagi tómtundaframlags lagðar fram til kynningar og umræðu.

Lagt fram til kynningar. Skóla- og frístundaráð mun fjalla áfram um málið á næsta fundi ráðsins.

3. 2410228 - KFÍA - Vallarhús

KFÍA óskar eftir samtali við Akraneskaupstað um nýtingu á Vallarhúsi.

Daníel S. Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja situr fundinn undir dagskrárliðum 3-5 og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA undir dagskrárliðum 3 og 4.

Skóla- og frístundaráð tekur jákvætt í erindið og felur sviðsstjóra og framkvæmdarstjóra ÍA frekara samtal við KFÍA um hugmyndir þeirra um framtíð Vallarhússins.

4. 2410229 - FIMÍA - beiðni um búnaðarkaup

Beiðni til skóla og frístundaráðs um búnaðarkaup fyrir Fimleikafélag Akraness.

Fram kemur í erindi FIMÍA að mikill ágangur hefur verið á tækjabúnað félagsins, sérstaklega dansgólf, vegna aukinnar og óvæntrar nýtingar á fimleikahúsinu vegna lokunar á íþróttahúsinu á Vesturgötu. Um er að ræða nemendur skóla og leikskóla auk annarrar íþróttastarfsemi. Jafnframt bendir félagið á að ekki hafi verið lokið við að fullbúa húsið eftir byggingu þess. Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að dansgólf verði endurnýjað ásamt því að fjárfest verði í lendingarbúnaði til að mæta kröfum Fimleikasambands Íslands svo hægt verði að halda Íslandsmót í fimleikahúsinu. Ráðið leggur til að útgjöldum verði mætt með

viðauka við fjárhagsáætlun 2024 að fjárhæð 7.069.748 vegna búnaðarkaupa við fimleikahúsið 4660-06520 og að kostnaði vegna þessa verði mætt með ónýttu fjármagni á launaliðum íþróttahússins á Vesturgötu. Skóla- og frístundaráð vísar málinu til umfjöllunar í bæjarráði.

5. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028

Umfjöllun um gjaldskrár framhaldið frá síðasta fundi ráðsins.

Skóla- og frístundaráð vísar tillögum ráðsins að breytingum á gjaldskrár málaflokksins til umfjöllunar í bæjarráði.

6. 2309310 - Tónberg- endurnýjun á búnaði

Skóla- og frístundaráð óskaði eftir frekari gögnum um útfærslu og áfangaskiptingu varðandi endurnýjun á ljósabúnaði í Tónbergi sem hér eru lögð fram.

Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.